

Alþingi  
Erindi nr. P 122/329  
komudagur 28.11.1997



F I S K I S T O F A

Ingólfsstræti 1  
150 Reykjavík  
sími 569 7900  
telefax 569 7990 / 569 7991

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

**Umsögn Fiskistofu  
um  
frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.**

26. nóvember 1997  
GRG/ksh

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 17. nóvember s.l., þar sem þess er farið á leit við Fiskistofu, að hún veiti umsögn sína um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Fiskistofa gerir engar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins og mun gera sitt besta til að inna af hendi það hlutverk sem stofnuninni er fengið með lagafrumvarpi þessu verði það að lögum.

Fiskistofa hefur ekki forsendur til að tjá sig um það mat sem fram kemur í fylgiskjali með frumvarpinu um aukið umfang stofnunarinnar né heldur liggur fyrir nokkur áætlun um það hvernig auknu álagi megi mæta með vinnuhagræðingu á öðrum sviðum.

Virðingarfyllst,

Þórður Ásgeirsson  
Fiskistofustjóri